

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Reykjavík, 20. júní 2024
Málsnúmer: DSS202406-0244/0.09

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna launa þjóðkjörinna fulltrúa og embættismanna, þingskjal 1914 – 1160. mál.

Dómstólasýslan hefur meðal annars það hlutverk að tala fyrir og stuðla að sjálfstæði dómstóla gagnvart öðrum valdastöðum ríkisvaldsins. Í því ljósi telur dómstólasýslan afar mikilvægt að koma á framfæri athugasemdum við frumvarpið að því leyti sem í því felst enn ein íhlutun löggjafarvaldsins í launakjör dómara.

Frá því launafyrirkomulag dómara var lögfest með lögum nr. 79/2019, um breytingu á ýmsum lögum vegna brottfalls laga um kjararáð, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla, hefur löggjafarvaldið ítrekað gripið inn í og ýmist frestað lögfestum dagsetningum launahækkana eða breytt viðmiðum um launabreytingar til lækkunar launa. Auk þessa breytti framkvæmdavaldið túlkun sinni á lögfestu viðmiði sem lá til grundvallar árlegum útreikningi á breytingum á launum dómara með ákvörðun 29. júní 2022. Sú breyting var dæmd ólögmat með dómi Hæstaréttar í máli nr. 39/2023. Í dóminum er sérstaklega vísað til þess að meginreglur stjórnsluréttar um breytta stjórnsluframkvæmd hafi aukið vægi þegar ákvarðanir grundvallast á lögum sem byggja á þeirri grunnforsendu að tryggja verði sjálfstæði dómstóla gagnvart framkvæmdavaldinu við ákvörðun á launum dómara.

Meðal markmiða með lögum nr. 79/2019 var að tryggja gegnsæi og fyrirsjáanleika launa þeirra sem falla undir lögin. Þessi markmið auk skýrleika viðmiða um breytingar á launum og stöðugleika þeirra eru mikilvægir þættir við mat á því hvort fyrirkomulag launa dómara samræmist sjálfstæði dómara samkvæmt stjórnarskrá, sbr. 2., 59., 61. gr. og 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og alþjóðlega viðurkennd viðmið um sjálfstæði dómara, sbr. t.d. tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins (2010)12 um sjálfstæði, skilvirkni og skyldur dómenda. Ítrekaðar íhlutanir annarra valdastöða ríkisvaldsins í launakjör dómara fara gegn framangreindum markmiðum og draga má í efa að þær samræmist kröfum um sjálfstæði dómara.

Í ljósi reynslunnar er að mati dómstólasýslunnar afar brýnt að endurskoða það fyrirkomulag sem komið var á með lögum nr. 79/2019 þar sem ákvörðunum um laun dómara og ákæranda sem lúta sambærilegum sjónarmiðum um sjálfstæði er spyrnt saman við ákvarðanir um laun þjóðkjörinna fulltrúa sem lúta alls ólíkum sjónarmiðum. Við þetta fyrirkomulag verður ekki lengur unað.

f.h. dómstólasýslunnar

Kristín Haraldsdóttir,
framkvæmdastjóri